

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík


Reykjavík 30. apríl 2018  
UST201804-146/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Stapafell og Súgur. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvaða valkostir séu fyrir hendi varðandi önnur efnistökusvæði þannig að unnt verði að meta kosti frekari efnistöku samanborið við efnistöku á öðrum stað eða stöðum.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri